

## GUTTORMUR J. GUTTORMSSON SKÁLD

Sigurður Guttormsson, langalangafi minn, átti fjöldann allan af systkinum. Eitt þeirra var Jón Guttormsson (1841-1896). Hann fluttist til Vesturheims árið 1875 með konu sinni Pálínu Ketilsdóttur (1849-1886), svo sem algengt var með sveitunga þeirra á þessum tíma. Öskjugos var nýhafið, hafis var landfastur ár eftir ár og það snjóaði alla mánuði ársins, þegar verst lét. En ekki tók betra við. Hjónin settust að í Nýja Íslandi í Kanada og kjörin voru þröng í þessari nýlendu-byggð fyrstu árin - og má með sanni segja að þau hjón hafi bæði farist á besta aldri úr vösbúð og næringarskort. Þau eignuðust nokkur börn. Eitt þeirra var **Guttormur J. Guttormsson skáld** (1878-1966). Hann var því í raun Jónsson. Guttormur og Halldóra Sigurðardóttir, ættmóðir Víðisa, voru því systkinabörn. Sjá þá sögu annars staðar.

Guttormur Vigfússon 1804 – 1856		Halldóra Jónsdóttir 1808 – 1852	
Sigurður Guttormsson	1840 – 1878	Jón Guttormsson	1841 – 1896
Halldóra Sigurðardóttir	1867 – 1957	Guttormur J. Guttormsson	1878 – 1966
María Víðis Jónsdóttir	1895 – 1982		
Þóra Þorvaldsdóttir	1925 – 2014		
Már Viðar Másson	1949		

Pálína var frá Mjóanesi í Vallnahreppi í S-Múl. Jón var frá Arnheiðarstöðum í Valþjófsstaðarsókn í N-Múl. Bæirnir standa sinn hvorum megin við Lagarfljót. Í gömlum Þjóðólfi, þar sem minnst er á Arnheiðarstaðabræður er sagt um Jón: „Fór ógiptur til Ameríku“. Víst er þó að Jón og Pálína fóru samferða að heiman, gift eða ógift. Vestanhafs nefndu þau hjón bæ sinn Víðivelli. Hann stendur við Íslendingafljót við Winnipegvatn, í miðri landnámsbyggð vesturfara.


Í Fálkanum 30. júlí 1938 segir eftirfarandi: „Guttormur skáld er af merkri ætt úr Múlaþingi. Afí hans var hinn mikli hjeradshöfðingi Guttormur Vigfússon, stúdent og alþingismaður á Arnheiðarstöðum. Faðir Guttorms skálds, Jón Guttormsson, flutti til Kanada ásamt konu sinni árið 1875 og nam land við Íslendingafljót í Nýja-Íslandi. Reisti Jón þar bæ og kallaði Víðivelli. Þar fæddist Guttormur árið 1878 og er hann því innborinn Kanadamaður. Foreldrar hans dóu, þegar hann var barn að aldri, og mun ofreynsla og þröngur kostur landnámsáranna hafa valdið því að þau dóu um aldur fram. Auk þess sem móðir hans leið mjög af heimþrá.

Hins unga drengs biðu nú erfiðir tímar - eins og ætla má. Fór hann víða og vann ýms störf, en festi ekki yndi fyrr en hann árið 1911 keypti föðurleifð sína Víðivelli. Þar hefir hann rekið búskap síðan - með dugnaði og áhuga. Sjálfur hefir hann unnið óspart að búskapnu, enda leynir sjer ekki, að Guttormur er vinnulúinn maður.“

Helgi Sæmundsson skrifar í Alpýðublaðið 19. júní 1963: „Guttormur hugsar iðulega austur um haf í ljóði, en hann yrkir líka oft um fósturjörð sína - Nýja Ísland - og ber henni söguna af karlmannlegri hreinskilni. Kvæði hans um baráttu frumbýlingsáranna þarf varla að kynna, en af þeim ber sennilega **Sandy Bar** hæst. Guttormur man glöggt þraut foreldra sinna og samferðarmanna þeirra heiman af Íslandi. Sjálfur hefir hann átt við fátækt að stríða, unnið hörðum höndum langan dag og verið úti í misjöfnum veðrum. Alls þessa gætir í ljóðum hans, en Guttormur yrkir líka um frjósemd og mildi Kanada, sléttuna, sem hefur brauðfætt hann, vatnið og bjartan morgun, fagurt hádegi og blítt kvöld. Jafnframt eru á skáldhörpu hans strengir sem túlka fjalladyn, stormabyt og vatnagang, æsta hríð, dimma nótt og vindbarinn skóg. Ennfremur lýsir hann ógleymanlega daglegum störfum vestur-íslenzka bóndans og einnig á táknrænan hátt, því hann er meistari tvíleikans, þegar honum tekst beztt upp í kvæðum sínum.“

Sá sem þetta skrifar man eftir heimsókn Guttorms til Jóns J. Víðis - og systra hans Maríu, Auðar og Sigríðar - á Eiríksgötu 4. Í gestabók Jóns Víðis stendur við 18. júní 1963; Guttormur J. Guttormsson Víðivöllum, Riverton, Manitoba. Þar er einnig Bergljót Guttormsdóttir Sigurðson 134 Riverbend Crescent, Winnipeg, Manitoba (sjá mynd úr gestabók Jóns J. Víðis). Bergljót var

dóttir Guttorms. Þóra Þorvaldsdóttir man eftir því að hún var fengin til að laga mat handa hinum tignu gestum, þótt hana vanti í gestabókina. Ég fékk að drekka með þeim kaffi. Síðan hef ég verið á leið að Winnipegvatni. Það rættist árið 2013.



Jóhann, Jón Guðlaugur, Jón Víðis, Guttormur, Sigríður Víðis, Auður, Bergljót, Guttormsson

Í íbúð Auðar Víðis á Eiríksgötu 4. Standandi frá vinstri Jóhann Skaptason (eiginmaður Sigríðar), Jón Hálfðanarson (systursonur Jóns og Sigríðar) og Jón J. Víðis. Sitjandi eru Sigríður Víðis Jónsdóttir, Auður Olsen Alfreds- og Halldórudóttir (dótturdóttir Auðar), Bergljót Guttormsdóttir og Guttormur J. Guttormsson skáld. Nöfnin á myndinni eru með handskrift Sigríðar.






Bræðurnir Jón og Jakob Hálfanarsynir við minnismerki um Guttorm J. Guttormsson. Það stendur í Riverton við Íslendingafljót, rétt við mynni þess út í Winnipegvatn í Manitoba Kanada. Guttormur bjó á Viðivöllum þar í sveit. Myndin er tekin 20. okt. 2012.



Már Viðar Másson (höfundur þessa pistils) við minnismerkið 20. júní 2013.



Í Manitobaháskóla í Winnipeg er sérstök deild sem fæst við íslensku og íslenskar bókmenntir (Department of Icelandic Language and Literature). Þar stendur skrifborð Guttorms og þar er allt bókasafn hans. Á borðinu má m.a. sjá Fálkaorðuna (stórriddarakross með stjörnu), sem honum var veitt 14. nóv. 1948 Á vegg, við hlið myndar af skáldinu, má sjá skjal forseta Íslands þar að lútandi.



Í bókasafni Guttorms er m.a. þessi ljóðabók eftir **Huldu**. Hún hefur sent honum hana með tileinkun í fallegrri vísu. Guttormur og Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind) voru ekki skyld en þó tengd. Bergljót Guttormsdóttir, föðursystir Guttorms, var seinni kona afa Huldu, Jóns Jóakimssonar, bónda á Þverá í Laxárdal. Myndirnar tók Jón Hálfðanarson.





Víðivellir við Íslendingafljót sumarið 2013. Jón Guttormsson og Pálína Ketilsdóttir, foreldrar Guttorms, fengu hér land 1877. Hér fæddist Guttormur og ólst upp. Hann bjó lengst af á fõðurleifð sinni. Húsið brann fyrir nokkrum árum. Eftir stendur minningarlundur, þar sem áður var garður býlisins. Útsýni yfir Íslendingafljót úr garðinum. Myndirnar tók ég á ferð minni um Íslendingabyggðir í Kanada.



Landneminn Jón Guttormsson ásamt sonum sínum. Guttormur til vinstri og Vigfús til hægri handar (um 1890).



Guttormur J. Guttormsson

Þessir báru í mig efni: Jón Hálfðanarson og Jónas Þór. Þessi útgáfa greinarinnar er frá 22. febr. 2015.

Sjá einnig á heimasíðu minni ágríp Gils Guðmundssonar og Þórodds Guðmundssonar að ævisögu Guttorms. Þar má einnig sjá nokkur kvæði Guttorms, þmt. Sandy Bar.

### **Af vef RÚV/From RUV's web in English**

Guttormur J. Guttormsson was born at Víðivellir by Icelandic River in New Iceland. He attended primary school for three years but was otherwise self-educated. He was a farmer who loved music and played in a brass band. He is often considered the second best Western-Icelandic poet, the first being Stephan G. Stephansson. Guttormur mainly composed poetry but also wrote a few plays. His first book of poetry, "Jón Austfirðingur og nokkur smákvæði", (Jón from the Eastern Fjords and a few poems), was published in 1909. Most of the book is a long narrative poem about Jón from the Eastern Fjords, his journey to North America, difficulties he encountered and his fate. His next book, "Bóndadóttir" (Farmer's Daughter), was published in 1920 and contains a few of his best known poems, e.g. "Sandy Bar" and "Winnipeg Icelander". He then published Gaman og Alvara (Amusement and Seriousness) in 1930, Hunangsflugur (Honey Bees) in 1944 and Kanadapistill (Canada Thistle) in 1958. Guttormur was controversial and radical in his beliefs and yet playful and sarcastic. He readily composed poetry about Western-Icelanders' lives and the reality they faced. He also tended to describe the down-to-earth reality of his immediate surroundings, depicted in an unexpected, often symbolist context.